67. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek verzlun í Reykjavík undir firmanafninu „Verzlunin Nanna“. Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð og hefi einn rétt til að rita það. **159**

Firmaritun:

„Verzlunin Nanna“.
Þorst. Sveinbjörnsson.
Reykjavík, 28. október 1933.
Þorst. Sveinbjörnsson.

68. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirrituð rekum með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun í Reykjavík, undir firmanafninu „Sokkabúðin“.

Við hvort um sig höfum rétt til að rita firmað og ritum það þannig:

„Sokkabúðin“
Sara Þorsteinsdóttir.
„Sokkabúðin“
Sig. Z. Guðmundsson.
Reykjavík, 27. október 1933.
Sig. Z. Guðmundsson. Sara Þorsteinsdóttir.

69. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður Ólafur Magnússon, Túngötu 34, rek verzlun hér í bænum, með reiðhjólavörur o. fl., undir firmanafninu: „Reiðhjólaverksmiðjan Fálkinn“. — Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð, og rita það þannig:

„Reiðhjólaverksmiðjan Fálkinn“
Ólafur Magnússon.
Reykjavík, 30. okt. 1933.
Ólafur Magnússon.

70. Ég undirritaður tilkynni hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek sem einkaeigandi og með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bænum undir firmanafninu:

„Verzlunin Varmá“.

Firmað rita ég þannig:

„Verzlunin Varmá“.
Halldór Jónsson.
Reykjavík, Hverfisgötu 90, 30. október 1933.
Halldór Jónsson.

159 71. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek smásöluverzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: Verzlunin Þórsmörk. — Firmað rita ég einn og rita það þannig:

Verzlunin Þórsmörk
Sæm. Jónsson.

Prókúru hefir herra Páll Jónsson, Laufásvegi 41, og undirritar hann þannig:

pr. pr. Verzlunin Þórsmörk
Páll Jónsson.

Reykjavík, 30. október 1933.
Sæmundur Jónsson.
Laufásvegi 41.

72. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum trésmíðavinnustofu og bifreiðayfirbyggingar hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: „Tryggvi Pétursson & Co." Firmað ritar meðundrritaður Tryggvi Pétursson einn og ritar hann það þannig:

Tryggvi Pétursson & Co.
Tryggvi Pétursson.

Reykjavík, 31. okt. 1933.
Þorgils Tryggvi Pétursson, Njálsgötu 34, Rvík.
Jón Stefán Sigurðsson, Klapparstíg 44, Rvík.
Guðjón Guðmundsson, Vesturvallagötu 3, Rvík.

73. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek smásöluverzlun með ótakmarkaðri ábyrgð hér í bænum undir nafninu: „Verzlunin Valhöll". Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Verzlunin Valhöll
Lokastíg 8, Rvík.

Reykjavík, 31. október 1933.
Aðalheiður Gísladóttir.

74. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek með ótakmarkaðri ábyrgð verzlun í Reykjavík undir firmanafninu „Nýi Basarinn". Ég einn hefi rétt ti að rita firmað og geri það þannig:

Nýi Basarinn
Ól. Blöndal.

Reykjavík, 30. október 1933.
Ólafur Blöndal,
Bergstaðastræti 64.

75. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek með **159**
ótakmarkaðri ábyrgð verzlun hér í bænum með hljóðfæri, leðurvörur o. fl. undir nafninu:

Hljóðfærahús Reykjavíkur.

Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Hljóðfærahús Reykjavíkur.
Anna Friðriksson.

Ennfremur rek ég útibú undir nafninu „Hljóðfærahús Austurbæjar (Atlabúð)" og hefir sonur minn, Atli Ólafsson, prókúruumboð fyrir það. Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Hljóðfærahús Austurbæjar
Atli Ólafsson.

Firmað rita ég þannig:

Hljóðfærahús Austurbæjar
Anna Friðriksson.

Reykjavík, 27. okt. 1933.
Anna Friðriksson.

76. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek verzlun í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu: Snót. Ég ein hefi rétt til að rita firmað og geri það þannig:

Verzlunin „Snót"
Sesselja Sigurðardóttir.

Reykjavík, 31. okt. 1933.
Sesselja Sigurðardóttir.

77. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að vér Samband íslenzkra samvinnufélaga rekum verzlun með kjöt og venjulegar kjötbúðarvörur í húsinu nr. 7 við Fríkirkjuveg hér í bænum, frá 5. júlí næstkomandi, á vora ábyrgð, undir nafninu „Kjötverzlunin Herðubreið".

Allar skuldbindingar vegna kjötbúðarinnar skulu undirritaðar af þeim, sem hafa rétt til að skuldbinda Samband íslenzkra samvinnufélaga.

Reykjavík, 10. júní 1933.
pr. pr. Samband íslenzkra samvinnufélaga
S. Kristinsson.

159 78. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek verzlun hér í bænum undir firmanafninu „Verzlunin Vík", og ber ég einn ábyrgð á skuldbindingum verzlunarinnar.
Firmað rita ég þannig:

Verzlunin Vík
Þorst. Þorsteinsson.
Reykjavík, 3. nóv. 1933.
Þorsteinn Þorsteinsson,
Laugav. 52.

79. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum verzlun og útibú í Reykjavík undir firmanafninu Silli & Valdi. Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð og höfum báðir rétt til að rita það.
Firmað ritum við þannig:

Silli & Valdi
S. Kristjánsson.
Silli & Valdi
V. Þórðarson.
Reykjavík, 8. nóv. 1933.
Sigurliði Kristjánsson. Valdimar Þórðarson.

80. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður, Júlíus Guðmundsson, Framnesveg 23, hér í bænum, rek nýlenduvöruverzlun hér í bænum undir firmanafninu „Verzlunin Baldur". Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð. Ég hefi einn rétt til að rita það.
Firmaritun:

„Verzlunin Baldur"
Júlíus Guðmundsson.
Reykjavík, 9. nóv. 1933.
Júlíus Guðmundsson.

81. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður hefi selt frá 6. september 1926 að telja, herra Einari J. Ólafssyni, Freyjugötu 26, og herra Ólafi Hvanndal, Bjarkargötu 10, firmanafnið „Verzlunin Skálholt", sem ég tilkynnti til skráningar 6. apríl 1933.

Ragnar Petersen.

Samkvæmt framanskráðu höfum við undirritaðir keypt firmanafnið „Verzlunin Skálholt" frá 6. sept. 1926 að telja, og rekum við eftirleiðis, sem

fullábyrgir félagar, verzlun undir því nafni. Við hvor um sig höfum rétt til að rita firmað og ritum það þannig: **159**

„Verzlunin Skálholt"
Einar J. Ólafsson.
„Verzlunin Skálholt"
Ólafur J. Hvanndal.
Reykjavík, 27. okt. 1933.
Einar J. Ólafsson. Ólafur J. Hvanndal.

82. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Snæbjörn G. Jónsson, Laugaveg 34, Reykjavík, og Pétur Kristinsson, Fjölnisveg 9, Reykjavík, rekum með ótakmarkaðri ábyrgð trésmíðavinnustofu undir firmanafninu „Snæbjörn og Pétur".

Firmað ritum við þannig:

Snæbjörn og Pétur
Snæbjörn G. Jónsson.
Snæbjörn og Pétur
Pétur Kristinsson.
Reykjavík, 10. nóv. 1933.
Snæbjörn Jónsson. Pétur Kristinsson.

83. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirritaður rek verzlun hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Verzlunin Þingholt". Ég einn hefi rétt til að rita firmað, og rita það þannig:

Verzlunin Þingholt
Björn L. Gestsson.
Reykjavík, 22. nóv. 1933.
Björn L. Gestsson,
Laufásv. 43.

84. Prókúruumboð það, sem hr. verzlunarmaður Þorvaldur Jónsson, Grettisgötu 37, hefir haft fyrir „Kaupfélag Alþýðu", Reykjavík, afturkallast frá og með deginum í dag að telja.

Frá sama tíma hefir hr. verzlunarm. Jón Sigurjónsson, Laugavegi 83, prókúruumboð fyrir félagið og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Kaupfélag Alþýðu, Reykjavík.
Jón Sigurjónsson.
Reykjavík, 25. nóv. 1933.
Ingimar Jónsson. Pétur G. Guðmundsson. Eiríkur Snjólfsson.

159 85. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum verzlun hér í bænum með vefnaðarvörur o. fl. undir firmanafninu „G. Jónasson & G. Halldórsson". Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð og höfum hvor um sig rétt til að rita það. Firmað ritum við þannig:

G. Jónasson & G. Halldórsson.
Guðrún Jónasson.
G. Jónasson & G. Halldórsson.
Gunnþórunn Halldórsdóttir.
Reykjavík, 24. nóv. 1933.
Guðrún Jónasson. Gunnþórunn Halldórsdóttir.

86. Ég undirrituð tilkynni hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek sem einkaeigandi og með ótakmarkaðri ábyrgð kjötverzlun hér í bænum undir firmanafninu „Kjötbúðin Skjaldbreið". Firmað rita ég þannig:

„Kjötbúðin Skjaldbreið"
Kristensa Guðmundsdóttir.

Prókúru hefir Þorleifur Ben. Þorgrímsson, Laugavegi 126, Rvík, og ritar hann þannig:

pr. pr. Kjötbúðin Skjaldbreið
Þorl. Ben. Þorgrímsson.
Reykjavík, 21. nóv. 1933.
Kristensa Guðmundsdóttir.
Laugavegi 126, Rvík.

87. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég rek smásöluverzlun hér í bænum sem einkaeigandi og með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Doddabúð". Ég einn hefi rétt til að rita firmað og geri ég það þannig:

Doddabúð
Þórður Þórðarson.
Reykjavík, 31. okt. 1933.
Þórður Þórðarson,
Grettisgötu 83, Rvík.

88. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að ég undirrituð rek prjónastofu hér í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu „Prjónastofan Hlín". Ég ein hefi rétt til að rita firmað og rita það þannig:

Prjónastofan Hlín
Sveinbjörg Klemens.
Reykjavík, 29. nóv. 1933.
Sveinbjörg Klemens,
Njálsgötu 80, Rvík.

89. Frá 15. þ. m. geng ég meðundirritaður, Guðgeir Jóhannsson, úr firmanu **159**
„Húsnæðisskrifstofa Reykjavíkur". Birgir Thorlacius rekur frá þeim degi einn firmað og ritar það þannig:

Húsnæðisskrifstofa Reykjavíkur
Birgir Thorlacius.
Reykjavík, 14. nóv. 1933.

Guðgeir Jóhannsson. Birgir Thorlacius.

90. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir rekum niðursuðuverksmiðju og efnagerð hér í bænum undir firmanafninu „Efnagerðin Eden". Firmað rekum við með ótakmarkaðri ábyrgð, og hefir hvor okkar rétt til þess að rita það, nema ef um sölu eða veðsetningu er að ræða, þá þarf undirskrift beggja.

Firmað ritum við þannig:

Efnagerðin Eden
Gunnar Eggertsson.
Efnagerðin Eden
Friðþjófur Þorsteinsson.
Reykjavík, 23. nóv. 1933.

Friðþjófur Þorsteinsson, Öldugötu 5. Gunnar Eggertsson, Hótel Borg.

91. Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Erlendur Pétursson, Mjóstræti 2, Sigfús Bjarnason, Grundarstíg 2, og Pétur Þórðarson, Mjóstræti 2, rekum umboðs- og heildsöluverzlun hér í Reykjavík, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu „Heildverzlunin Hekla". Hver okkar um sig hefir rétt til að rita firmað og ritum það þannig:

Heildverzlunin Hekla
Erlendur Pétursson.
Heildverzlunin Hekla
Sigfús Bjarnason.
Heildverzlunin Hekla
Pétur Þórðarson.

Prókúru fyrir firmað hafa Erlendur Pétursson og Sigfús Bjarnason og rita þeir firmað þannig:

pr. pr. Heildverzlunin Hekla
Erlendur Pétursson.
pr. pr. Heildverzlunin Hekla
Sigfús Bjarnason.
Reykjavík, 14. des. 1933.

Pétur Þórðarson. Sigfús Bjarnason. Erlendur Pétursson.

159 92. Ég undirritaður leyfi mér hér með að tilkynna til firmaskrár Reykjavíkur, að ég hefi í dag selt firmanu O. Johnson & Kaaber, Reykjavík, firmanafnið „Kaffibætisgerð Íslands, Ingólfur G. S. Espholín", ásamt vörumerkinu „Fálkinn"' og réttindum öðrum, er tilgreind eru í samningi dagsettum í dag.

Áhvílandi skuldir eða aðrar skuldbindingar, hvort sem hvíla á Kaffibætisgerðinni eða ofangreindu vörumerki, er kaupendum með öllu óviðkomandi.

Reykjavík, 20. des. 1933.
Ingólfur G. S. Espholin.

II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. Á framhalds-aðalfundi, er haldinn var í h/f Mjöl & Lýsi, Akranesi, 9. nóvember 1932, var samþykkt að minnka hlutafé úr kr. 21000,00 — tuttugu og eitt þúsund krónur — í kr. 11200,00 — ellefu þúsund og tvö hundruð krónur —.

Akranesi, 23. nóvember 1932.
Stjórn H/f Mjöl & Lýsi.
Þórður Ásmundsson. Ármann Halldórsson.

III. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

1. Í dag hefir hr. Sigurður Símonarson á Sandi fengið prókúruumboð fyrir firma Kaupfélag Hellissands og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Kaupfélag Hellissands
Sig. Símonarson.
Hellissandi, 11. febr. 1933.
Þorvarður Þorvarðarson. Guðlaugur Sigurðsson.
Þorsteinn Þorsteinsson.

IV. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Tilkynning um prókúrista. Í dag hefir hr. Eiríkur Þorsteinsson, Þingeyri, fengið prókúruumboð fyrir firma „Kaupfélag Dýrfirðinga" og ritar hann firmað þannig:

p. p. „Kaupfélag Dýrfirðinga"
E. Þorsteinsson.
Þingeyri, 4. október 1932.
Stjórn Kaupfélags Dýrfirðinga
Kristinn Guðlaugsson. Jón Þórarinsson. Jóhannes Davíðsson.

2. Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðarkaupstaðar, að ég undirritaður hefi keypt „Verzlun Björns Guðmundssonar", Ísafirði. Verzlunina rek ég framvegis undir sama nafni og áður og ber einn ábyrgð á öllum skuldbindingum hennar. **159**

p. t. Aalborg, 26. október 1932.
G. Björnsson.

3. Ég undirritaður, Hannes Halldórsson, kaupmaður, Smiðjugötu 2 á Ísafirði, tilkynni hér með, að ég hefi sett á fót verzlun undir nafninu „Matvörubúðin", sem fyrst um sinn verður rekin í húseigninni í Aðalstræti 22, hér í bænum. Prókúruhafi téðrar verzlunar er herra Óli G. Halldórsson, Fjarðarstræti 18, hér í bænum, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Matvörubúðin
Óli G. Halldórsson.

Undirritaður eigandi greindrar verzlunar getur einnig ritað firmað þannig:

Matvörubúðin
Hannes Halldórsson.

Bæði eigandi verzlunarinnar og prókúruhafi geta hvor í sínu lagi skuldbundið firmað með undirskriftum sínum, eins og að ofan greinir.

Ísafirði, 14. janúar 1933.
Hannes Halldórsson.

4. Til firmaskrár Ísafjarðarumdæmis tilkynnist, að firmað „E/s Fróði" er hafið.

Ísafirði, 6. marz 1933.
Karvel Jónsson.

Til firmaskrá Ísafjarðarumdæmis tilkynnist, að firmað: „E/s Fróði" er hafið.

Þingeyri.
Þorsteinn J. Eyfirðingur.
f. h. Jóns Jónssonar
Anton Proppé
(samkvæmt þinglesnu umboði).

5. Það tilkynnist hér með til hlutafélagaskrár Ísafjarðar, að á aðalfundi félagsins Fiskimjöl h.f., Ísafirði, sem haldinn var 19. maí 1933, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins: Einar Pétursson, forstj., Reykjavík, formaður, og meðstjórnendur: Tryggvi Jóakimsson, konsúll, Ísafirði, og Finnur Jónsson, forstj., Ísafirði.

Ísafirði, 27. maí 1933.
Fiskimjöl H/F
Tryggvi Jóakimsson. Finnur Jónsson.

159 6. Til firmaskrár Ísafjarðar tilkynnist hér með, að ég undirritaður Guðmundur Björnsson, sem rek verzlun á Ísafirði undir nafninu Verzlun Björns Guðmundssonar, veiti hér með Birni Kristni Guðmundssyni prokúruumboð fyrir téða verzlun mína.

Björn Kristinn Guðmundsson ritar firmað þannig:

pr. pr. Verzlun Björns Guðmundssonar
Björn Guðmundsson.

Ísafirði 16. júní 1933.

Verzlun Björns Guðmundssonar
G. Björnsson.

7. Stjórn h/f Önundur á Flateyri er nú þannig skipuð: Formaður og framkvæmdarstjóri Sveinn Gunnlaugsson, Flateyri. Meðstjórnendur: Magnús Guðmundsson, Flateyri, Sturla Ebenezarson, Flateyri, Henrik Guðmundsson, Flateyri, Sveinn Jónsson, Veðrará, Flateyri.

Í greininni um stjórn félagsins kemur: Kosnir skulu tveir meðstjórnendur.

Ísafirði, 13. september 1933.
Sveinn Gunnlaugsson.

8. Til firmaskrár Ísafjarðar tilkynnist hér með, að útibú okkar á Ísafirði verður lagt niður frá og með 31. desember 1933.

Reykjavík, 27. október 1933.
Nathan & Olsen.

9. Hér með tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðar, að ég undirritaður rek hér í bænum prentsmiðju undir nafninu „Isrún".

Firmað rek ég með ótakmarkaðri ábyrgð, og hefi einn rétt til að rita það.

Firmað rita ég þannig:

Prentstofan Isrún
Jónas Tómasson.

Ísafirði, 6. desember 1933.
Jónas Tómasson.

V. Skagafjarðarsýsla.

1. Hér með tilkynnist, að Steindór Jónsson, kaupmaður á Sauðárkróki, er genginn úr firmanu Árni & Steindór, en Árni Daníelsson á Sjávarborg er nú einn eigandi firmans.

Sauðárkróki, 24. maí 1933.
Steindór Jónsson.

p. t. Sauðárkróki, 24. maí 1933.
Árni Daníelsson.

VI. Siglufjarðarkaupstaður. 159

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að Einar Jóhannsson, til heimilis á Akureyri, og Ólafur Ragnars, til heimilis á Siglufirði, reka byggingarvöruverzlun á Siglufirði undir firmanafninu „Einar Jóhannsson & Co.“. Heimili firmans og varnarþing er á Siglufirði. Báðir félagar bera ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum firmans.

Firmað rita firmafélagarnir þannig:

Einar Jóhannsson & Co.
Einar Jóhannsson.
Einar Jóhannsson & Co.
Ólafur Ragnars.

Siglufirði, 6. apríl 1933.

Einar Jóhannsson. Ólafur Ragnars.

2. Í dag hefir herra Ásgeiri Jónassyni, Siglufirði, verið veitt prókúruumboð fyrir verzlun „Verzlunarfélag Siglufjarðar“, h.f., Siglufirði, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Verzlunarfélag Siglufjarðar, h.f.
Ásgeir Jónasson.

Frá þessum tíma afturkallast því umboð það, sem hr. Indriði Björnsson, Siglufirði, hefir fyrir félagið sem prókúruhafi.

Siglufirði, 23. nóv. 1933.

Í stjórn „Verzlunarfélags Siglufjarðar“, h.f.

Alf. Jónsson. Ásgeir Jónasson. Þorst. Pétursson

VII. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður.

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Akureyrarkaupstaðar og Eyjafjarðarsýslu, að H/f Carl Höepfner verzlun á Akureyri, Hrísey, Dalvík, Ólafsfirði og Kljáströnd, hefir hætt störfum.

Reykjavík, 27. október 1933.

f. h. H/f Carl Höepfner
N. Manscher
eftir umboði.

VIII. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar, að smásöluverzlun sú, sem ég hefi rekið undanfarið undir mínu nafni, verður framvegis rekin undir nafninu: Verzlunin Dröfn, Seyðisfirði.

Firði, Seyðisfirði, 30. júní 1933.

Jón Jónsson.

159 2. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar, að við undirritaðir, Jón Jónsson, Firði, og Sigurbjörn Stefánsson, Seyðisfirði, rekum í félagi með ótakmarkaðri ábyrgð áðurnefnda verzlun „Dröfn" á Seyðisfirði, og hefir hver um sig rétt til þess að rita firmað þannig:

Verzlunin Dröfn
Jón Jónsson.
Verzlunin Dröfn
Sigurbjörn Stefánsson.

Seyðisfirði, 30. júní 1933.

Jón Jónsson. Sigurbjörn Stefánsson.

3. Ég undirritaður tilkynni hér með til firmaskrár Seyðisfjarðarkaupstaðar, að ég rek verzlun undir nafninu „Jón G. Jónasson" á Seyðisfirði með ótakmarkaðri ábyrgð.

Prókúruumboð fyrir firmað hefir Jónas Jónsson, Norðurgötu 2, Seyðisfirði, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Jón G. Jónasson
Jónas Jónsson.

Seyðisfirði, 3. júlí 1933.

Jón G. Jónasson.

4. Við undirritaðir lýsum því hér með yfir, að við veitum herra Alfreð Dan Sigurbjörnssyni umboð sem prókúruhafa fyrir verzlunina Dröfn, Seyðisfirði, með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvember 1903.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Verzlunin Dröfn
Alfreð Dan Sigurbjörnsson.

Seyðisfirði, 31. júlí 1933.

Jón Jónsson. Sigurbjörn Stefánsson.

5. Á aðalfundi Kaupfélags Vopnfirðinga 9. júlí 1933 gekk úr stjórn félagsins Gunnar H. Gunnarsson, hreppstjóri á Ljótsstöðum, og var í hans stað kosinn Jósef H. Jónsson, bóndi í Skógum.

Skipa nú stjórn félagsins þeir: Ólafur Metúsalemsson, framkvstj. á Vopnafirði, Ingólfur Eyjólfsson, bóndi á Skjaldþingsstöðum og Jósef H. Jónsson, bóndi í Skógum.

Varastjórnarnefndarmaður er Metúsalem Metúsalemsson, bóndi á Burstarfelli.

Vopnafirði, 21. júlí 1933.

p. p. Kaupfélag Vopnfirðinga
Ó. Metúsalemsson.

IX. Suður-Múlasýsla. 159

1. Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga hefir heimili og varnarþing á Búðum í Fáskrúðsfirði. Samþykktir félagsins eru dagsettar 6. ágúst 1933. Tilgangur þess er að gera félagsmenn sem sjálfstæðasta í verzlunarefnum og veita þeim sem haganlegasta og arðsamasta verzlun. Að þessu vill félagið vinna, með því að sporna við skuldaverzlun, að reka í félagi og með eigin starfsmönnum sameiginlega verzlun félagsmanna á sem beztum markaði og með sem minnstum kostnaði, að auka og bæta framleiðslu á innlendum vörum og vekja almennar kröfur um vandaðar og hentugar útlendar vörur og að safna fé til tryggingar fyrir framtíð félagsins.

Stjórn félagsins skipa: Þórarinn Gr. Víkingur, bóndi á Vattarnesi, Björn Daníelsson, kennari á Búðum og Björgvin Benediktsson, útgerðarmaður, s. st. Framkvæmdarstjóri Björn Ingi Stefánsson, Eskifirði.

Heimild til að rita firmað hafa 2 stjórnendur saman. Rita þeir firmað þannig:

Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga,
Þórarinn Gr. Víkingur. Björn Daníelsson.
eða
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga,
Þórarinn Gr. Víkingur. Björgvin Benediktsson.
eða
Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga,
Björn Daníelsson. Björgvin Benediktsson.

Framkvæmdarstjóri er prókúruhafi fyrir félagið og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga
Björn I. Stefánsson.

Félagsmenn ábyrgjast allir fyrir einn og einn fyrir alla fjárreiður félagsins. Inngangseyrir er 10 kr. fyrir hvern félagsmann.

Í stofnsjóð leggst árlega sem séreign hvers félagsmanns 3% af verði aðkeyptrar vöru. Árgjald í varasjóð er 1% af viðskiptaveltu féagsins.

X. Vestmannaeyjar.

1. Samkvæmt tilkynningu til firmaskrárinnar dagsettri 10. f. m., er tilkynnt Kaupfélagið Fram (K. f. Fram). Heimili félagsins og varnarþing er í Vestmannaeyjum. Samþykktir félagsins eru dags. 5. des. 1916, en breytt 6. apríl 1919 og 6. júní 1921. Tilgangur félagsins er: a. að safna stofnsjóð, rekstursfé, með hlutum frá félagsmönnum, til þess að geta ávallt keypt útlendan varning aðallega gegn staðgreiðslu, b. að safna varasjóði til þess að tryggja framtíð félagsins, c. að fækka svo sem auðið er öllum óþarfa milliliðum í

159 verzlunarviðskiptum. d. að útvega félagsmönnum sem beztar vörur við svo góðu verði sem unnt er, e. að auka þekkingu félagsmanna, einkum að því er snertir samvinnufélagsskap, verklegar framkvæmdir, vöruvöndun o. fl. Félagið rekur auk þess almenna verzlun. Hver félagsmaður hefir greitt kr. 500,00 í stofnsjóð félagsins. Félagsmenn ábyrgjast allar skuldir félagsins in solidum, unz 1 ár er liðið frá brottför þeirra úr félaginu. Stjórn félagsins skipa 5 félagsmenn og skuldbindur undirskrift meiri hluta stjórnarinnar félagið, þó þarf samþykki allrar stjórnarinnar, til þess að selja fasteignir og veðsetja eignir félagsins. Í stjórn félagsins eru nú Jón Gíslason, útvegsmaður, Ármóti, formaður, Sigurjón Jónsson, útgerðarmaður, Víðidal, Árni Jónsson, útgerðarmaður, Görðum, Þorsteinn Sigurðsson, Sæbergi, og Gísli Jónsson, útgerðarmaður, Arnarhóli, allir í Vestmannaeyjum. Firmað ritar stjórnin öll eða einhverjir 3 úr stjórninni, þó þarf undirskrift allra stjórnenda til þess að selja fasteignir eða veðsetja eignir félagsins. Stjórnin ritar firmað þannig:

Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Jón Gíslason. Sigurjón Jónsson. Árni Jónsson.
Þorsteinn Sigurðsson. Gísli Jónsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Jón Gíslason, Sigurjón Jónsson, Árni Jónsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Jón Gíslason, Árni Jónsson, Þorsteinn Sigurðsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Jón Gíslason, Sigurjón Jónsson, Þorsteinn Sigurðsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Jón Gíslason, Þorsteinn Sigurðsson, Gísli Jónsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Jón Gíslason, Sigurjón Jónsson, Gísli Jónsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Jón Gíslason, Árni Jónsson, Gísli Jónsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Sigurjón Jónsson, Árni Jónsson, Þorsteinn Sigurðsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Sigurjón Jónsson, Árni Jónsson, Gísli Jónsson,
eða

159

Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Sigurjón Jónsson, Þorsteinn Sigurðsson, Gísli Jónsson,
eða
Stjórn Kaupfélagsins Fram í Vestmannaeyjum.
Árni Jónsson, Þorsteinn Sigurðsson, Gísli Jónsson.

Procura hefir Hinrik Jónsson, Gerði, Vestmannaeyjum, og er hann framkvæmdastjóri félagsins og ritar hann firmað þannig:

P. p. Kaupfél. Fram, Vestmannaeyjum.
Hinrik Jónsson.

2. Þorsteinn Jónsson, útgerðarmaður í Laufási og Stefán Guðlaugsson, útgerðarmaður í Gerði, reka sem fullábyrgir félagar, með firmanafninu „Fiskþurkhúsið Grettir", fiskþurkun í Vestmannaeyjum í húsi eða reitum úti. Hvor um sig ritar firmað, en til sölu og veðsetningar fasteigna félagsins þarf undirskrift beggja.

Prókúru hefir Gísli Þorsteinsson, Laufási. Þorsteinn Jónsson og Stefán Guðlaugsson rita firmað þannig:

Fiskþurkhúsið Grettir
Þorst. Jónsson. Stefán Guðlaugsson.

Þorsteinn Jónsson ritar firmað þannig:

Fiskþurkhúsið Grettir
Þorst. Jónsson.

Stefán Guðlaugsson ritar firmað þannig:

Stefán Guðlaugsson.

3. Vér undirritaðir, stjórnendur kaupfélagsins „Fram" í Vestmannaeyjum, gefum hérmeð herra kaupfélagsstjóra Jónasi Jónssyni, Heimagötu 25 í Vestmannaeyjum, prókúruumboð fyrir kaupfélagið „Fram" hér, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Kaupfélagið Fram.
Jónas Jónsson.

Jafnframt skal tekið fram, að prókúruumboð það, er Hinrik Jónsson, Garði, hafði fyrir nefnt félag, afturkallast hér með.

Vestmannaeyjum, 3. júlí 1933.
Stjórn kaupfélagsins „Fram", Vestmannaeyjum.
Jón Ólafsson. Jón Gíslason, Árni Jónsson,
Gísli Jónsson. Þorsteinn Sigurðsson.

4. Hanna Gunnarsdóttir og Sig. Á. Gunnarsson tilkynna 28. sept. 1933, að prókúruumboð það, er þau á sínum tíma veittu Gissuri Þorsteinssyni, sé afturkallað frá og með þeim degi.

159 5. Hér með tilkynnist, að prókúruumboð til herra Bjarna Jónssonar, Svalbarði, fyrir skilanefnd kaupfélagsins Drífandi, Vestmannaeyjum, er afturkallað.

Í skilanefnd kaupfélagsins Drífandi

Ísleifur Högnason. Jóh. Gunnar Ólafsson. Árni Oddsson.

Bjarni Jónsson. Guðl. Hansson.

XI. Rangárvallasýsla.

1. Á aðalfundi kaupfélags Holtamanna, 5. maí 1932, var samþykkt, að frá 1. janúar 1933 skyldi 1. gr. félagssamþykktarinnar vera svohljóðandi:

„Félagið heitir Kaupfélag Rangæinga. Skammstafað K. R. Á. Heimili þess og varnarþing er Holtahreppur í Rangárvallasýslu".

Frá sama tíma er bætt inn í samþykktina nýjum kafla um skipulag félagsdeilda og félaginu skipt í deildir eftir hreppamörkum í samræmi við hann.

Að öðru leyti er félagssamþykktin óbreytt frá því sem áður hefir verið tilkynnt.

XII. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.

1. Hér með tilkynnist, að hr. Óskar Jónsson, Norðurbraut 9, Hafnarfirði, hefir frá og með deginum í dag prókúru-umboð fyrir félag vort. Ritar hann firmað þannig:

p. p. Samvinnufél. Huginn

Óskar Jónsson.

Hafnarfirði, 29. desember 1932.

Samvinnufél. Huginn

Jón Halldórsson. Jón Erlingsson. Jóngeir D. Eyrbekk.

2. Hér með tilkynnist til firmaskrár, að á aðalfundi Fiskiveiðafélagsins Höfrungur h/f í Hafnarfirði, sem haldinn var þann 10. dag maímánaðar 1932, voru eftirtaldir menn kosnir í stjórn félagsins:

Þorvarður Þorvarðarson, fyrv. prentsm.stjóri, Reykjavík.

Guðm. Jónsson, verkstjóri, Hafnarfirði og

Gísli Sigurgeirsson, bókh., s.st. og varamenn í stjórn félagsins voru kosnir:

Sigurgeir Gíslason, sparisjóðsgjaldkeri, Hafnarfirði, og

Gunnlaugur Stefánsson, kaupmaður, s.st.

Hafnarfirði, 31. marz 1933.

G. Sigurgeirsson. Guðmundur Jónasson.

3. Undirrituð, Sigurbjörg Ásbjörnsdóttir, Álafossi í Mosfellssveit, eigandi Klæðaverksmiðjunnar Álafoss, tilkynni hér með, að eiginmaður minn, Sigurjón Pétursson, sama stað, hefir framvegis, eins og að undanförnu, prókúruumboð fyrir Klæðaverksmiðjuna Álafoss, og ritar hann firmað þannig: **159**


Pr. pr. Klæðaverksmiðjan Álafoss
Sigurjón Pétursson.
Álafoss, 7. sept. 1933.
Sigurbjörg Ásbjörnsdóttir.

AUGLÝSING **160**

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1933.

Skrás. 1933, nr. 1.

Tilkynnt 10. desember 1932, kl. 11 árd., að Ásgarður h/f., smjörlíkisgerð, Reykjavík, og skrásett 12. janúar 1933.



Mynd af skjöldóttri kú, en í boga fyrir ofan stendur orðið: Rjómabússmjörlíki.

Merkið er skrásett fyrir smjörlíki.

Skrás. 1933, nr. 2.

Tilkynnt 14. desember 1932, kl. 2 síðd., af Scheving Thorsteinsson, lyfsala, Reykjavík, og skrásett 12. janúar 1933.

Orðið: HEVA með bogadregnu stryki fyrir ofan og neðan.

HEVA